

Orkumál framtíðarinnar

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra

HB/29/08/2001

Ávarp á Orkuþingi
11-13. okt. 2001

Ágætu orkuþingsgestir.

Þjóðfélag okkar hefur breyst ótrúlega á þeirri öld sem nýlega er liðin og hagur almennings hefur snúist frá örbirgð til allsnægta á liðnum áratugum. Einn af þeim grunnþáttum sem nútímasamfélag byggist á er öruggt raforkukerfi. Með hinu mikla átaki við rafvæðingu landsins á árunum 1950-1965 var lyft grettistaki til atvinnuuppbyggingar um allt land og á þeim tíma var þetta forgangsverkefni hverrar ríkisstjórnar.

Hinar öru framfarir, sem urðu á Íslandi á síðari hluta 20. aldar má að verulegu leyti rekja til hagkvæmrar nýtingar þjóðarinnar á náttúruauðlindum sínum, bæði gjöfylla fiskimiða og endurnýjanlegra orkulinda. Mikil tækniþróun, þekking og reynsla á nýtingu auðlindanna voru vitaskuld forsenda fyrir hagkvæmni í þessum atvinnugreinum og þeirra bættu lífskjara sem hér hafa orðið á síðustu áum og væntanlega enn áfram inn í nýja öld.

Við höfum einnig lyft grettistaki í uppbyggingu hitaveitna um land allt. Þessi mikla uppbygging hefur góðu heilli leitt til þess að hlutur olíu í húshitun landsmanna á síðustu áratugum hefur nánast horfið. Í dag njóta um 86% landsmanna hitunar frá jarðvarma, um 12% frá rafhitun en aðeins um 2% nota olíuhitun. Aukin nýting jarðhitans hefur haft mikil áhrif á lífskjör okkar Íslendinga auk margháttaðra þæginda, sem erfitt er að meta til efnislegs hagnaðar eða ábata.

Þá er rétt að benda á við höfum ekki enn rannsakað til fullnustu þá möguleika sem við kunnum að eiga á nýtingu þessarar auðlindar. Umfangsmiklar rannsóknir eru nú hafnar á nýtingu hveraörvera og iðnaðarráðuneytið hefur veitt tveimur fyrirtækjum leyfi til rannsókna og hagnýtingar á hveraörverum og erfðaeftum þeirra á allt að 30 afmörkuðum svæðum.

Það sem við höfum áorkað á sviði jarðhitanytingar hefur vakið athygli erlendis og sívaxandi áhugi er á auknu samstarfi við Ísland á því sviði. Sem dæmi um þetta get ég nefnt að á síðustu 4 mánuðum hefur iðnaðarráðuneytinu borist erindi frá stjórnvöldum í Rússlandi, Kaliforníu, Kína og Ungverjalandi um að koma á formlegu samstarfi og samvinnu um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og er þá einkum horft til jarðhitans. Þess er vænst að samstarfssamningar við þessa aðila geti fært ráðgjafa- og orkufyrirtækjum hér á landi hagstæða samninga þar sem reynsla þessara aðila og þekking nýtist. Það er því afar brýnt að efla og auka þá einstæðu þekkingu og reynslu er við búum yfir í vinnslu jarðhitans í náninni framtíð.

Á þessu sviði hefur ýmislegt gerst innanlands á síðustu mánuðum. Nýlega var stofnað fyrirtækið Enex hf. sem er í eigu helstu orkufyrirtækja og orkuráðgjafa landsins auk

ríkisins. Tilgangur þessa fyrirtækis er að stunda orkurannsóknir og rekstur orkufyrirtækja á erlendri grund. Með stofnun hins nýja fyrirtækis hafa opnast nýir möguleikar á komandi árum fyrir framsækin íslensk fyrirtæki á sviði orkuiðnaðar og rannsókna til öflugrar útrásar erlendis og þá hugsanlega í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Eins og ég gat um hér að framan er afar brýnt að halda áfram að nýta orkulindir okkar til að tryggja hagsæld hér á landi á næstu árum. Ekki verður séð að það verði gert næsta áratuginn með öðrum hætti en með aukinni notkun stóriðju þar eð aðrir orkufrekir nýtingarkostir virðast ekki í sjónmáli. Uppbygging stóriðju hér á landi hófst eins og kunnugt er á árunum 1966-1976 með byggingu álversins í Straumsvík og Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga en vegna ýmissa ytri aðstæðna varð hægari vöxtur á þeirri uppbyggingu en menn höfðu vænst allt fram til ársins 1995. Eins og kunnugt er hefur áhugi og eftirspurn erlendra aðila eftir raforku til stóriðju aukist mjög á síðustu 6 árum og lítur nú svo út að áhugi sé á að þrefalda núverandi álframleiðslu hér á landi á næstu 10-11 árum.

Öllum er eflaust ofarlega í huga hin aukna umræða er orðið hefur á undanförunum árum um umhverfismál hér á landi. Nýjar virkjanir í dag verða eins og kunnugt er ekki reistar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og því þurfa undirbúningsvinna og rannsóknir í síauknu mæli að taka mið af auknum kröfum til umhverfissjónarmiða og á undanförunum árum hafa áherslur á virkjanarannsóknum beinst mjög að þessu sviði. Hins vegar hefur í umræðu um virkjunarmál þótt skorta yfirlit og samanburð hugsanlegra nýrra virkjunarkosta, sem gætu verið hagkvæmir og hver líkleg umhverfisáhrif þeirra væru.

Því var í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum á árinu 1999 hafin vinna við gerð rammaáætlunar til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti til raforkuframleiðslu meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra aðila og er áætlað að fyrsta hluta verkefnisins ljúki á árinu 2002. Þess er vænta að þessi vinna leiði til aukinnar sáttar um nýtingu þessara orkuauðlinda okkar án þess að ganga óhóflega á náttúrulegt umhverfi eða aðra landnýtingu.

Núverandi skipan raforkumála er orðin 35-40 ára og allar aðstæður í samfélagi okkar í dag eru gjörbreyttar miðað við þann tíma þegar við höfum markvissa raforkunýtingu hér á landi.

Þó svo að skipulag þessara mála hafi að mörgu leyti reynst gott og raforkukerfið sé tæknilega vel úr garði gert er nauðsynlegt orðið að endurskoða lagaumhverfi þess. Breytt viðhorf í orkumálum og breytingar á orkuumhverfi okkar kallar óhjákvæmilega á breytingar. Þá er einnig nauðsynlegt fyrir okkur að uppfylla skuldbindingar sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. tilskipun Evrópusambandsins um innri markað raforku sem hníga í þessa átt. Meginþáttur í nýrri raforkulöggjöf annarra þjóða hefur verið að skilja á milli annars vegar samkeppnisþátta, þ.e. framleiðslu og sölu og hins vegar flutnings og dreifingar, sem telst vera einokunarstarfsemi og önnur lögmál gilda um. Tilskipunin er málamiðlun en mörg ríki hafa gengið mun lengra í átt til frjálsræðis á markaði en hún gerir ráð fyrir, enda miðast hún við lágmarkskröfur. Fyrir okkur er einnig nauðsynlegt að horfa til þess sem skynsamlegast er hér á landi og tryggir best þau markmið sem við setjum okkur.

Á síðastliðnum vetri var frumvarp til nýrra raforkulaga lagt fram til kynningar á Alþingi og tekur það til allra helstu atriða sem fjallað er um í tilskipun Evrópusambandsins. Jafnframt er lítið til breytingartillögu á tilskipuninni sem liggur nú fyrir framkvæmdastjórn sambandsins og líklegt er að verði staðfest á árinu 2002.

Þær tillögur sem felast í frumvarpinu miða að því að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Með frumvarpinu er verið að stíga stórt skref. Við getum þó ekki og megum ekki taka of stór skref sem ekki verða tekin til baka. Við verðum hins vegar að skapa lagalegar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og sölu raforku.

Almennt er viðurkennt að flutningur og dreifing á raforku sé náttúruleg einokun. Eitt fyrirtæki sem ráðherra tilnefnir mun annast alla flutningsstarfsemi og bera ábyrgð á uppbyggingu kerfisins sem á að tryggja öryggi og hagkvæmni í flutningum. Eðlilegast er að þau fyrirtæki sem í dag eiga flutningsnetið eigi kost á að leggja flutningsmannvirki sín fram sem eignarhlut í hinu nýja flutningsfyrirtæki.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra veiti dreifiveitum einkaleyfi til dreifingar á tilgreindum svæðum, en miðað er við að núverandi dreifiaðilar haldi rétti sínum til dreifingar áfram. Um leið og ný raforkulög taka gildi er nauðsynlegt að gera breytingar á ýmsum öðrum lögum er tengjast raforkuframleiðslu. Gera þarf breytingar á orkulögum, lögum um raforkuver, lögum um Landsvirkjun og lögum um rannsóknir á auðlindum í jörðu, en áformað er að þau lög muni fjalla almennt um rannsóknir á orkulindum. Vinna er jafnframt hafin við endurskoðun vatnalaganna frá 1923, sem tímabært var orðið að endurskoða. Loks er rétt að geta þess að stefnt er að nýrri lagasetningu fyrir Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, og setningu sérlaga um hitaveitur. Vinna við það verk er nú þegar hafin.

Á þessu þingi verður fjallað nánar um fyrirliggjandi drög að frumvarpi til nýrra raforkulaga og er því ekki ástæða að fjalla nánar um það frekar hér.

Á undanförunum árum hefur þróun tækni við að nota vetni sem orkubera aukist hratt. Þar höfum við Íslendingar komið nokkuð við sögu. Fyrirtækið Íslensk NýOrka var stofnað á árinu 1999 og er tilgangur félagsins m.a. að rannsaka og þróa vetnistækni til notkunar í samgöngutækjum. Félagið hefur nýlega formlega hafið rannsóknarverkefni á notkun vetnis í almenningsfarartækjum ásamt fleiri aðilum, og hefur ríkisstjórnin samþykkt að leggja verulegar fjárhæðir til verkefnisins á næstu þremur árum. Félagið hefur einnig í hyggju að rannsaka notkun vetnis í samgöngum á sjó.

Afar mikilvægt er að Íslendingar taki þátt í þeirri öru þróun sem hafin er í notkun hreinna orkugjafa og orkubera í stað notkunar brennsluefna í samgöngutækjum og fiskiskipum. Þátttaka okkar mun beina sjónum annarra ríkja að hinni hreinu ímynd Íslands í vaxandi mæli.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 1992 og Kyoto-bókunin við hann er vissulega einn veigamesti þáttur í orkustefnu okkar eins og annarra iðnríkja. Við erum hins vegar í annarri stöðu en flest önnur iðnríki varðandi endurnýjanlegar orkuauðindir og ónýtta möguleika á því sviði. Hér á ég við hið hið svokallaða íslenska ákvæði í Kyotobókuninni er varðaði nýtingu endurnýjanlegra og hreinna orkulinda til

Orkuþing 2001

iðnaðarframleiðslu í litlum samfélögum. Gangi þetta eftir getum við Íslendingar litið björtum augum til næsta áratugar varðandi möguleika okkar á nýtingu orkulinda landsins.

Eins og mönnum er kunnugt er hugsanlegt að nýtanlegar olíu- eða gaslindir kunni að fiinnast á íslenskum hafsvæðum og er þar einkum litið til Jan Mayen og Hatton-Rockall svæðanna en einnig til setlagadældar úti fyrir Norðurlandi. Á síðastliðnum árum hafa stjórnvöld með markvissum hætti unnið að því að efla rannsóknir á þessu sviði, skapa grundvöll fyrir auðlindakönnun af hálfu einkafyrirtækja og tryggja hafréttarlega hagsmuni okkar.

Iðnaðarráðuneytið hefur kostað ýmsar rannsóknir á setlögnum fyrir Norðurlandi, þ.m.t. athuganir á uppstreymi olúgass í Öxarfirði og úrvinnslu dýptarmælinga. Nú í sumar hafa farið fram boranir í Tjörneslögín í þeim tilgangi að athuga hvort gasuppstreymið í Öxarfirði eigi rætur sínar í surtarbrandslögum. Á næsta ári er fyrirhugað að skima hafbotninn fyrir Norðurlandi í leit að vísbendingum um hugsanlega gas- eða olíuleka til yfirborðs.

Ágætu orkuþingsfulltrúar.

Enn og aftur höfum við Íslendingar nýlega verið minntir á að sjávarafli í hafinu umhverfis landið er takmarkaður og sveiflukendur. Þetta sýnir að ætlum við að byggja velferð þjóðarinnar á nýrri öld á varanlegum grunni ber okkur að nýta allar auðlindir til lands og sjávar á sjálfbæran hátt í eins ríkum mæli og unnt er. Verum minnug þess að orkulind er ekki auðlind fyrr en virkjuð verður. Væntingar okkar í byrjun nýrrar aldar eru þær sömu og forfeðra okkar fyrir einni öld, sem núlifandi kynslóð hefur borið gæfu til að nýta í verulegu mæli á síðustu 40-50 árum. Sá boðskapur var svo sannarlega ekki skjýborgir eins og við nú þekkjum.

Orkustefna okkar í nánustu framtíð mótast vitaskuld af áframhaldandi nýtingu orkulindanna en einnig í sívaxandi mæli af nýjum straumum í skipulagi orkumála og orkuumhverfis. Rannsóknir og þekking á orkuauðlindum okkar munu skipa aukinn sess í framtíðinni ásamt alþjóðlegu samstarfi og samvinnu á nýtingu sjálfbærra orkulinda og orkubera.

Ég óska fulltrúum á Orkuþingi allra heilla í þeirra mikilvæga starfi fyrir framtíð lands og þjóðar.